

Íslensk

Chris Foster er enskur þjóðlagasöngvari og gítarleikari sem búið hefur á Íslandi síðan 2004. Hann er meistari á sínu sviði. Í tímaritsgrein, eftir Colin Irwin í fROOTS magazine sagði hann m. a.: "Chris Foster er kominn í fremstu röð merkra brautryðjenda, hann er einn besti listamaður síðari tíma hreyfingar til endurvakningar í breskri þjóðlagatónlist, ámóta mikilvægur eins og Martin Carthy, Dick Gaughan og Nic Jones, einkum fyrir sitt merka framlag til að setja þjóðlagahefðina í nútímalegan búning með sérstæðum, frumlegum gítarundirleik svo og sannfærandi söngtúlkun."

Hann hefur gefið út 6 sóló plötur og einnig leikið með öðrum listamönnum á mörgum plötum. Geisladiskurinn hans, 'OUTSIDERS' var talin meðal bestu platna ársins 2008, að mati 300 gagnrýnenda og útvarpsfólks, sem birt var í breska tímaritinu fROOTS.

Chris hefur verið flytjandi enskrar þjóðlagatónlistar í yfir fjóra áratugi og komið víða fram á tónleikum, hátíðum og útvarpi á Bretlandseyjum, Evrópu og Norður Ameríku.

Auk sólóferils síns er hann einnig í þjóðlaga dúóinu Funi, með Báru Grímsdóttur og hafa þau unnið saman síðan 2001. Þau hafa gefið út 4 plötur og komið fram á tónleikum, hátíðum, í útvarpi og haldið námskeið í Evrópu, Bandaríkjunum, Kína, auk heimalandanna, Íslands og Bretlands.